

Alþingi
Erindi nr. P 137/433
komudagur 26.6.2009

Efni ahags- og skattanefnd Alþingis
Eir kur Áki Eggertsson, nefndarritari

Unsögn

Um frumvarp til laga um kjararáð o.fl., 114. Mál, ákvörðunarvald um launakjör forstöðumanna.

Fræðagarður, félag háskólamanna, lýsir sig í öllum meginatriðum samþykkt þeim markmiðum sem koma fram í athugasemdum við lagafrumvarpið.

Fræðagarður telur það hins vegar áhyggjuefni að með frumvarpi þessu er leitast við að festa ótírabundið hámarksviðmið í launamálum hins opinbera og um leið er opnuð leið til að hafa mun víðtækari áhrif á kjaramál í landinu, en tíðkast hefur, með stjórnvaldsaðgerðum.

Fræðagarður telur þetta ganga þvert á þau megin sjónarmið sem ríkt hafa varðandi kjarasamninga og aðkomu launþega að ákvörðunum um kjaramál í gegnum stéttarfélög sín.

Sérstaklega vill Fræðagarður benda á að í 2. grein frumvarpsins er skilgreind aðferðafræði sem ekki tekur til heildarkjara þeirra sem um ræðir. Verði frumvarpið að lögum mun það hins vegar setja skilgreint þak á kjör allra undirmanna viðkomandi stjórnenda.

Fræðagarður telur því frumvarpið, óheppilegt bæði vegna þess að það nær ekki þeim tilgangi sem því var ætlað og svo vegna hins að með því eru aðkomu hluta launþega að þróun kjaramála settar íþyngjandi takmarkanir.

f.h. Fræðagarðs

Braji Skúlason, formaður